

130. löggjafarþing 2003–2004.
Þskj. 888 — 589. mál.

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um starfslokasamninga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig skýrir ráðherra misræmi milli fjölda starfslokasamninga á vegum hins opinbera í svari hans í þingskjali 854 (299. mál) og svari forsætisráðherra í þingskjali 832 frá 127. þingi (396. mál)?
2. Hvernig skiptast þeir 77 starfslokasamningar sem getið er um í svari forsætisráðherra milli karla og kvenna?
3. Hvað kostuðu þessir starfslokasamningar hver og einn, sundurliðað eftir kynjum?

Skriflegt svar óskast.